

AUGLÝSING

um staðfestingu á deiliskipulagi Austurbæjarins í Vestmannaeyjum.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 5. júlí 1988 staðfest deiliskipulag Austurbæjarins í Vestmannaeyjum.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af bæjarstjórn Vestmannaeyja og skipulagsstjórn ríkisins mælt með að hann verði staðfestur.

Jafnframt er úr gildi felldur skipulagsuppdráttur af ofan nefndu svæði sem staðfestur var af félagsmálaráðuneytinu 14. ágúst 1979.

Félagsmálaráðuneytið, 19. júlí 1988.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Pórhildur Líndal.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 103 19. ágúst 1948 um eftirlit með innflutningi plantna o. fl., sbr. breytingu með rg. nr. 181 30. mars 1988.

1. gr.

H-liður 2. mgr. 2. gr. rg. nr. 103/1948, sbr. rg. nr. 46/1984 og rg. nr. 181/1988 orðist svo:

h. Að plönturnar eða plöntuhlutarnir séu lausir við ameríska blómathripsíð (*Frankliniella occidentalis*). Þegar um er að ræða plöntur með rót eða plöntuhluta sem ætlunin er að ræta og rækta áfram skal vottorð jafnframt staðfesta að plönturnar komi frá ræktunarstað þar sem *Frankliniella occidentalis* hafi ekki fundist á undangengnum einum mánuði áður en plönturnar fóru af stað.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum nr. 51 29. maí 1981 um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum, öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld rg. nr. 181 30. mars 1988.

Landbúnaðarráðuneytið, 15. júlí 1988.

Jón Helgason.

Jón Höskuldsson.